



Náms- og kennsluáætlun - Haustönn 2023

LÍOL2SS05

Kennari	Kristjana Hildur Gunnarsdóttir kristjana.gunnarsdottir@fss.is	
Viðtalstími	Fimmtudaga kl. 9.10-9.50 á kennarastofu.	
Námsefni	Essentials of Anatomy and Physiology eftir Tortora og Derrickson eða Introduction to the Human Body (er eftir sömu höfunda) fæst í Bóksölu stúdenta Litabók – Bóksala FS (bókasafn) Fyrirlestrar á Innu Trélitir (minnst 12 stk.)	
Áfangalýsing	Farið er yfir skipulagsstig líkamans og öll líffærakerfin kynnt. Hugtakið homeostasis (jafnvægi) er útskýrt svo og starfsemi afturvirkra stjórnkerfa. Farið er yfir grundvallarhugtök líffærafræðinnar. Latnesk heiti eru notuð í allri umfjöllun. Bygging og starfsemi frumna og frumuskipting er rifjuð upp. Sérstök áhersla er lögð á lífeðlisfræði frumuhimnunnar. Stutt ágríp af vefjafræði. Fjallað er um helstu einkenni hvers vefjaflokks og skiptingu í undirflokk. Skoðuð er bygging þekjukerfis og margþætt starfsemi húðar útskýrð. Fjallað er um bein, liði og hlutverk þeirra. Farið er í byggingu og starfsemi vöðvafrumu og starfsemi einstakra vöðva og vöðvahópa skoðuð. Fjallað er um starfsemi taugakerfis og flokkun þess. Farið er í byggingu taugafrumna og starfsemi þeirra útskýrð. Umgerð og byggingu miðtaugakerfis eru gerð skil. Farið er í mænuviðbrögð, mænutaugar, taugaflækjur og byggingu svæðaskiptingu heilans. Flokkun og starfsemi dulaugakerfisins útskýrð. Lífeðlisfræði skynjunar er útskýrð og fjallað um byggingu og starfsemi allra skynfæranna. Farið er í almenna þætti er tengjast innkirtlakerfinu og síðan farið í byggingu og starfsemi innkirtla mannsins. Unnin verða margvísleg verkefni og próf með og án gagna til að dýpka þekkingu nemandans.	

Námsmat og vægi námsmatsþátta	Áfanginn er símatsáfangi. Til að ná áfanganum verður að ná að minnsta kosti 4,5 í lokaeinkunn og í hverjum námsmatsþætti fyrir sig en einnig þarf að ná að lágmarki 4,5 í einkunn í hverju könnunarprófi.		
	Símatsáfangi ☒	Lokapróf ☐	Sleppikerfi ☐
	Heiti		Vægi
	Verkefni		15%
	Innupróf		25%
	Könnunarpróf		60%

Reglur áfanga	Notkun á snjallsímum er ekki leyfileg í tímum nema með leyfi kennara. Samkvæmt aðalnámskrá ber nemendum að mæta í allar kennslustundir (sjá mætingarreglur FS).
----------------------	--

Annað sem kennari vill láta koma fram	Ef nemandi missir af könnunarprófi þá er hægt að taka það upp í stoðtíma sem boðið verður upp á. Öllum verkefnum og prófum fyrri hluta annar þarf að vera búið að skila inn fyrir miðannarmat. Þessi áætlun er birt með fyrirvara um breytingar sem á henni geta orðið.
--	---

Þekking	Leikni
Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • þeim atriðum sem upp eru talin í áfangalýsingu • starfsemi þeirra líffærakerfa sem fjallað er um • latneskum grundvallarhugtökum líffærafræðinnar • latneskum heitum vöðva og beina	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • skilja starfsemi líkamans • nota latnesk heiti á vöðvum og beinum • nota latnesk heiti við að lýsa afstöðu líffæra og líffærahluta
Hæfni	
Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • Nýta sér námsefnið í hinum margvíslegu starfssviðum sem tengist líkamanum. • Nýta sér námsefnið til skilnings á eigin heilsu	

Vinnuáætlun		
Tímasókn	16 vikur x 4 klst.	64 klst.
Undirbúningur f. gagnapróf	17 x 1 klst.	17 klst.
Undirbúningur f. könnunarpróf	7 x 4 klst.	28 klst.
Alls		109 klst. = 5 feín*

Virðing, samvinna og árangur

Kennsluvikur	Áætluð yfirferð námsefnis	Skil á verkefnum
1. vika 18. - 25. ágúst	Kynning Kafli 1 – Uppbygging líkamans	25.ágúst - Verkefni – 1.kafli
2. vika 28. ágúst - 1. september	Kafli 1 – Uppbygging líkamans Kafli 3 - Fruman	28.ágúst - Innupróf úr 1.kafla 1.sept. - Verkefni – 3.kafli
3. vika 4. - 8. september	Kafli 3 - Fruman Kafli 4 – Vefir	4.sept. - Innupróf úr 3.kafla 5.sept. - Könnunarpróf 1 úr köflum 1 og 3 8.sept. - Verkefni – 4.kafli
4. vika 11. - 15. september	Kafli 4 – Vefir Kafli 5 – Þekjukerfið	11.sept. - Innupróf úr 4.kafla 15.sept. - Verkefni úr 5.kafla 15.sept. - Innupróf úr 5.kafla
5. vika 18. - 22. september	Kafli 4 – Vefir Kafli 5 – Þekjukerfið Kafli 6 – Bein	18.sept. - Könnunarpróf 2 úr köflum 4 og 5 22.sept. - Innupróf úr 6.kafla - 1.hluti beina
6. vika 25. - 29. september	Kafli 6 – Bein Stoðdagur	29.sept. - Innupróf úr 6.kafla höfuð, hryggur og brjóstkassi
7. vika 2. - 6. október	Kafli 6 – Bein	5.okt. - Verkefni – úr 6.kafla anatomyvefur 6.okt. - Innupróf úr 6.kafla – Efri útlímir, axlargrind og neðri líkami
8. vika 9. - 13. október	Kafli 6 - Bein	9.okt. - Verkefni úr 6.kafla 12.okt. - Könnunarpróf 3 úr 6.kafla
9. vika 16. - 20. október <i>Vetrarleyfi</i>	Kafli 7 – Bein og liðir Kafli 8 – Vöðvar	17.okt. - Verkefni úr 7.kafla 17.okt. - Innupróf úr 7.kafla 18.okt. - Könnunarpróf 4 úr 7.kafla
10. vika 23. - 27. október <i>Miðannarmat</i>	Kafli 7 – Bein og liðir Kafli 8 – Vöðvar	24.okt. - Innupróf úr 8.kafla – myndbönd 25.okt. - Verkefni úr 8.kafla – 1.hluta 26.okt. - Innupróf úr 8.kafla 1.hluta
11. vika 30. október - 3. nóvember	Kafli 8 – Vöðvar	1.nóv. - Innupróf úr vöðvum efri hluti (8.kafli)
12. vika 6. - 10. nóvember	Kafli 8 - Vöðvar	6.nóv. - Innupróf úr 8.kafla neðri hluti 6.nóv. – Verkefni úr 8.kafla - anatomyvefur 9.nóv. - Könnunarpróf 5 úr 8.kafla
13. vika 13. - 17. nóvember	Kafli 9 – Taugakerfið Stoðdagur	13.nóv. - Verkefni úr 9.kafla 14.nóv. - Innupróf úr 9.kafla 17.nóv. - Verkefni úr 10.kafla
14. vika 20. - 24. nóvember	Kafli 10 - Miðtaugakerfið Kafli 11 – Dulaugakerfið	20.nóv. - Innupróf úr 10.kafla 21.nóv. - Innupróf úr 11.kafla 23.nóv. - Könnunarpróf 6 úr 9,10 og 11
15. vika 27. nóvember- 1. desember	Kafli 12 - Skynjun	27.nóv. - Innupróf -myndband 28.nóv. - Innupróf úr 12.kafla 30.nóv. - Innupróf úr 13.kafla
16. vika 4. - 7. desember	Kafli 13 – Innkirtlakerfið Samantekt Stoðtími	4.des. - Könnunarpróf 7 úr köflum 12 og 13 Lokaskil

Með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf

Kveðja frá Kiddý ☺